

Menningar,- íþróttá- og tómsunduraráð Reykjanesbæjar (MÍT) og Golfklúbbur Suðurnesja (G.S.) gera með sér eftirfarandi

SAMNING

um umsjón og rekstur þúttvalla í Reykjanesbæ árið 2006 samkvæmt nánari skilgreiningu í samningi þessum.

1. grein:

Golfklúbbur Suðurnesja tekur að sér allan rekstur og viðhald tveggja þúttvalla við Mánagötu

2. grein:

Golfklúbburinn ber alla ábyrgð á og skal sjá um allt eðlilegt viðhald og hreinsun á þúttvöllunum, girðingum, merkingum og tækjum og sjá til þess að vellirnir séu í sem bestu ástandi hverju sinni. Eftirlitsaðili samnings er skrifstofa MÍT.

3. grein:

Telji eftirlitsaðili samningsins að ekki sé rétt að málum staðið varðandi rekstur og viðhald skal hann tilkynna það Golfklúbbnum og óska eftir úrbótum hið allra fyrsta. Verði G.S. ekki við þeirri ósk, skal eftirlitsaðili kynna sér málið. Komist hann að þeirri niðurstöðu að ábendingar séu á rökum reistar og ef G.S. sinnir ekki tilmælum til úrbóta, skal heimilt að láta framkvæma það sem nauðsyn krefur á kostnað Golfklúbbsins.

4. grein:

Aðgangur og notkun Þúttklúbbs Suðurnesja skal vera með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár, ef ástand valla leyfir. Fullt samráð skal hafa við stjórn Þúttklúbbsins um fyrirhuguð mót á þúttvöllunum.

5. grein:

Samningur þessi tekur ekki til meiri háttar endurnýjunar eða nýframkvæmda, en verði nauðsyn á slíku, skal taka upp viðræður milli samningsaðila um málið. Þurfi G.S. á að halda aðstoðar Þjónustumiðstöðvar bæjarins, s.s. tækjum eða mannafla, skal G.S. greiða fyrir slíka þjónustu samkvæmt útseldum taxta Þjónustumiðstöðvar hverju sinni. Aðstoð frá Vinnuskóla Reykjanesbæjar, verði óskað eftir henni, skal gjaldfærð sem styrkur til Golfklúbbsins.

6. grein:

Fyrir rekstur og umsjón þúttvalla samkvæmt samningi þessum greiðir MÍT Golfklúbbi Suðurnesja **kr. 750.000.-** Greiðslufyrirkomulag samningsverðs skal vera í samráði eftirlitsaðila.

7. grein:

Mál sem kunna að rísa vegna samnings þessa skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjanes.

8. grein:

Samningurinn gildir til 31. desember 2006 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar

Gjört í Reykjanesbæ _____ 2006

f.h. MÍT

f.h. Golfklúbbs Suðurnesja
